

HÖGGMYNDAGARDURINN

Hús Ásmundar Sveinssonar og garðurinn umhverfis myndu eina heild og því afar áhugavert að skoða garðinn þegar safnið er heimsótt. Þar eru stækkanir nokkurra þeirra verka sem eru á sýningunni: *Helreiðin*, *Tröllkonan*, *Móðir mín í kví, kví*, *Stríð og flótti* og *Andvarp*.



Persónulegar aðstæður og reynsluheimur listamanna sem og tilfinningalíf mótar óumflýjanlega listsköpun þeirra, en einnig það samfélag og tíðarandi sem þeir eru hluti af. Ásmundur Sveinsson er hér engin undantekning. Hann leitaði víða fanga fyrir verk sín; bókmenntir, saga og náttúra voru þar mikilvægir burðarásar, einnig eru móðirin og hinn vinnandi maður mikilvæg leiðarstef í verkum hans.

En þegar skyggst er undir yfirborðið í höggmyndum Ásmundar leynist þar oft heit glóð, persónuleg tjáning á djúpum tilfinningum og sterkum kenndum ásamt óslökkvandi forvitni gagnvart gangverki lífsins og himintunglanna. Viðfangsefni þessarar sýningar er kvikan sem afhjúpast þegar verkin eru skoðuð og greind í samhengi við líf listamannsins og þá tíma sem hann lifði.

Sýningin *Inn í kvíku* er þríþætt og dregur fram ólíkar hliðar á Ásmundi hvað varðar inntak, form og tímaskeið. Leitast er við að nýta húsið í Sigtúni sem rökréttan hluta af, og umgjörð um sýninguna ásamt höggmyndagarðinum í kringum húsið sem geymir mörg af þekktustu verkum listamannsins.

Sýningarstjórn Kristín G. Guðnadóttir
og Steinunn G. Helgadóttir

„Gjörningur“ Ásmundar Sveinssonar endurtekinn

Fyrir mörgum árum var telpan sem hét Rannveig Pálmadóttir að leika sér sumarlangt og vappa í kringum þögla listamanninn sem bjó í skrýtna kúlúhúsinu hinumegin við götuna.

Einn daginn kom hann til hennar og sagði henni að fara heim og sækja vatn í fötu, grænsápu og klút og síðan lét hann stúlkuna þvo fætur höggmyndanna í garðinum. Þegar hún þvoði kaldan steininn uppgötvaði hún efnið og formið í gegnum klútinn og gleymdi því aldrei.

Telpan bjó áfram í húsinu, varð fullorðin og eignaðist sjálf börn sem stundum voru að leika sér við þetta ævintýrlega hús og gefa gamla mannum auga sem sífellt var að vinna í garðinum. Einn daginn sendi hann þau heim og lét þau sækja vatn í fötu, grænsápu og klúta og bað þau að þvo fætur höggmyndanna í garðinum. Móðirin kom út, fylgdist með og spurði hvers vegna hann gerði þetta.

Ásmundur svaraði:
„Ég get ekki sagt þeim að þykja vænt um stytturnar en svona get ég kennt þeim það“.

Við opnun þessarar sýningar koma Þorgils Máni Jónsson og Telma Brá Gunnarsdóttir barnabörn telpunnar sem fyrst var send eftir vatni í fötu og þvo fætur höggmyndanna í garðinum.

Inn í kvíku



Garðurinn

Konan var Ásmundi óþrjótandi uppspretta innblásturs. Í verkum hans birtast ólíkar hlíðar hennar. Við sjáum hina vinnandi konu, kraftmikla og stórgerða, sem með reisin skúrar gólf, ber vatn eða strokkar smjör. Við sjáum einnig frjósömu konuna sem gefur líf. Hún birtist iðulega í líki hinnar göfugu móður/madonnu sem umvefur barn sitt kærleika og vernd.

Ásmundur var líka heimsmaður. Í Garðinum má sjá verk þar sem konan birtist á munúðarfullan hátt. „En ég hef ekkert á móti ástinni eða kynhvötinni.

	<i>Manstu er sátum við saman</i> , 1932 Gifs. ÁS-H 415 Verkið tjáir tregablandna eftirsjá og innileika. Maðurinn heldur um mitti konunnar og í höndina á henni og horfir á hana, en hún lítur niður. Ásmundur segir um verkið: „Manstu er sátum við saman er í gömlum stíl. Nafnið er frá Jakobi Smára.. Hún er saklausari og sætari (en Söknudur) eins og tíminn sem hún er sprottin úr. Þá sungum menn: það er sælt að vera fátækur elsku Dísa mín“
---------------	--

	<i>Jónsmessunótt</i> , 1940 Gifs. ÁS-H 310 Hér fléttast líkamar karls og kona saman á munúðarlegan og samtímis kærleiksríkan hátt í órjúfanlega heild; tvö form verða að einu.
---------------	---

	<i>Draumsýn</i> , 1935 Leir. ÁS-H 022
---------------	--

	<i>Kossím</i> , 1936 Eir. ÁS-H 125
---------------	---

	<i>Maður og kona</i> , 1941 Gifs. ÁS-H 224
---------------	---

Hún er bæði falleg og nauðsynleg. Ég er hlynntur Freud. Eðlilegt kynlíf er hverjum manni nauðsyn, sérstaklega ef hann vill dreyma vel... Okkur hættir til að breyta öllu í pukur og feimnisfél, eða villta og skefjalausa ástríðu. En það er ekki meiningin. Ekkert er heilbrigðara en ást til viðhalds lífinu.”

Verkin í Garðinum eru frá fjórða og fimmta áratug síðustu aldar. Fyrri hluti tímabilsins ber nokkurn keim af lífi heimsborgarans en seinni hlutinn var tímabil upplausnar og endurnýjunar í lífi Ásmundar.

	<i>Söknudur</i> , óársett Gifs. ÁS-H 184 „Söknudur er gerð í öðrum stíl. Í henni er meiri spenna, meira drama... Ég er að láta formin tala saman. Þau eru að yfirgefa hvort annað. Hönd hans og handleggur eru framhald af læri stúlkunnar til að halda nauðsynlegu formi í byggingu myndarinnar. Annað vakir ekki fyrir mér. Myndlistin á sitt tungumál. Ég vil að það sé frjálst án bókmennta. Án áhrifa frá öðrum listgreinum.“ Þú leggur áherslu á þrjóst konunnar.“ „Já, já, þau eru tákn frjóseminnar auðvitað.“
---------------	---

	<i>Systur (Útþrá)</i> , 1934 Gifs. ÁS-H 014 Ásmundur tók ljósmyndir af Gunnfríði fyrri konu sinni og systur hennar nöktum við íslenskan foss. Þetta verk minnir óneitanlega á ljósmyndirnar.
---------------	---

	<i>Krjúpanði kona</i> , 1935 Gifs. ÁS-H 021
---------------	--

	<i>Maður og kona</i> , 1941 Gifs. ÁS-H 224
---------------	---

Um 1935 var hjónabandi hans og Gunnfríðar Jónsdóttur, myndhöggvara í raun lokið. Á þessu skeiði hóf Ásmundur sambúð með síðari konu sinni Ingrid Sveinsson og langbráður draumur hans um að verða faðir rættist 1941.

Í þessum verkum mótar Ásmundur á einstakan hátt drauma og minningar um ást og munúð. Líkamsformin tala saman og segja sögur sem sýna djúpan skilning Ásmundar á sambandi karls og konu en einnig hæfileika hans til að tjá sig með formum.

	<i>Gunnfríður Jónsdóttir</i> , óársett Steinsteypa. ÁS-H 313 Ásmundur og fyrri kona hans Gunnfríður Jónsdóttir, saumakona og myndhöggvari, bjuggu í Stokkhólmi og París í mörg ár auk þess að ferðast um Evrópu og skoða höggmyndalist í Grikklandi og á Ítalíu.
---------------	---

	<i>Maður og kona</i> , 1943 Gifs. ÁS-H 039 Sjálft efnið – leirinn – undirstrikar hráa erótík og viðkvæmni verksins.
---------------	--

	<i>Himinn og jörð</i> , 1935 Brennur leir. ÁS-H 020
---------------	--

	<i>Sköpun</i> , 1949 Gifs. ÁS-H 051 „Listamaðurinn má aldrei líta svo á að hann sé frelsaður. Þá fyrst glatar hann frelsinu, sem er forsenda nýrra hugmynda, grundvöllur allrar sköpunar... Stöðnun, sefjun eru hættulegar allri sköpun. Það er ekkert heilagt nema það sem við höfum þurft að hafa mikið fyrir“
---------------	---

	<i>Stríð og flótti</i> , 1943 Gifs. ÁS-H 396 „Þetta á að vera stríðsófreskjan. Tákn okkar tíma. Við reynndum að flýja undan stríðinu. Ég gerði nokkrar myndir innblásnar af stríðinu.“
---------------	---

* Björn Th. Björnsson. Tímariðið Helgafell 193. Tileinkað Ásmundi Sveinssyni.

PÝRAMÍDINN

	<i>Geimdreki</i> , 1957 Járn, eir, hvalbein. ÁS-H 080 Geimdreki Ásmundar og einnig fleiri verk hans með sama inntaki t.d. <i>Geimþrá</i> , hafa beina skírskotun til geimferðakapphlaupsins sem var í alglegmi á sjötta og sjöunda áratugnum. Rússneska gervitunglið Spútnik var sent út í geiminn haustið 1957. Nokkrum mánuðum seinna skutu Sovétmenn upp gervihnettinum Spútnik II með tikina Laiku innanborðs. Þessir atburðir vöktu gríðarlega athygli almennings og þessir stóru viðburðir speglast í verkum Ásmundar.
---------------	---

„Geimdrekin er úr járni með glenntum kjafti og hvítum vigtönnum, en lítilli tunglkúlu hið efra. „Þegar bandarísku geimfararnir komu hingað í vor, áður en þeir fóru til tunglsins“ sagði Ásmundur, „síndi ég þeim þessa mynd og benti á skoltinn: „Þarna eru hætturnar á leiðinni til tunglsins.“ sagði ég. „Já, sögðu þeir, þú ferð þessa leið til tunglsins, en við verðum að fara þangað á annan hátt.“ Sem betur fer lentu þeir ekki í skoltinum.““

Vígvöllurinn

Garðurinn er táknmynd Paradísar; grænn og frjósamur reitur ástar, kærleika og unaðar. En Adam var ekki lengi í Paradís. Mörg verka Ásmundar frá fimmta áratug síðustu aldar eru öðru fremur tilfinningaþrungin og margbrotin; vígvöllur innri baráttu sem og tjáning stríðs og hörmunga. Sá flokkur verka sem hér um ræðir er einstakur í íslenskri höggmyndalist, en Ásmundur var einn örfárra íslenskra listamanna

	<i>Móðurást</i> , 1948 Eik. ÁS-H 046 „Ásmundur hafði farið til Frakklands og séð brenndar borgir í rústum, vesælt fólk og kaunum slegið, sem hefur glatað öllu nema þeirri dýrslegu eðlishvöt að lífa og bjarga afkvæmi sínu. Þegar slík kona veður í gegn um blóðugan valinn eftir loftárás, með líf sitt og alegei vafið að brjósti, er hún ekki nema að hálfu mennsk. Hún er frumhvöt mannsins holdguð, sterk og ægileg.” Ásmundur segir um verkið: Það er búið að skjóta af konunni annað brjóstið og gatið stendur eftir. Samvızkan er stundum götót, góði. En gatið sem er nauðsynlegt vegna byggingar myndarinnar, segir einnig sína sögu. Konan reynir einbrjóst að vernda barnið sitt, bjarga því. Ég hef sagt við mæðurnar: ég skora á ykkur að vinna gegn styrjöldum. Verndið börnin ykkar frá öllu illu, eins og segir í Faðirvorinu. Styrjaldir eru það versta af öllu illu.“
---------------	---

	<i>Davidö og Golíat</i> , 1952 Eik. ÁS-H 068 „Hér í Davidö og Golíat er loftið einnig rammað inn. Hér er það figúratíva notað með abstrakt hugmyndum. Sumir eru haldnir þeirri firru að ólíkar stefnur geti ekki farið saman. En það er oft bráðnauðsynlegt að ólíkir stílar og dagskrá takist á í sömu mynd.“
---------------	---

	<i>Stríð og flótti</i> , 1943 Gifs. ÁS-H 396 „Þetta á að vera stríðsófreskjan. Tákn okkar tíma. Við reyndum að flýja undan stríðinu. Ég gerði nokkrar myndir innblásnar af stríðinu.“
---------------	--

* Björn Th. Björnsson. Tímariðið Helgafell 193. Tileinkað Ásmundi Sveinssyni.

sem á fimmta áratugnum túlkuðu hörmungar stríðsins og dýrslugar hvatir mannsins, sem stríð afhjúpa. Formheimur sem og inntak verkanna *Stríð og flótti*, *Helreiðin* og *Móðurást* eiga margt sammerkt með málverki spænska málarans Picasso; *Guernica*, 1937 sem var eitt áhrifaríkasta og þekktasta verk samtímans. Kveikjan að verkinu var loftárás á óbreytta borgara í spænska smábænum Guernica

	<i>Svörtu skýin</i> , 1947 Steinsteypa og hrafntinna. ÁS-H 044 Sönn og heil tjáning á sér djúpar rætur í sálarlífi listamannsins. Haustið 1947 varð Ásmundur fyrir þeim ólysanlega harmi að missa dóttur sína, en hún varð fyrir bil og lést tæplega sex ára gömul. Sama ár skapaði Ásmundur verkið <i>Svörtu skýin</i> ; áhrifamestu birtingarmynd sorgar og missis sem um getur í íslenskri myndlist. Titill verksins <i>Svörtu skýin</i> er tvíráður og vísar annars vegar í stormský himinsins sem rífa allt með sér, en hins vegar í myrkur sálarinnar. Verkið er unnið í steinsteypu og hrafntinnu; þung og dökk efni sem draga fram tilfinningaþrungnið inntak þess. Tröllsleg móðirin horfir örvæntingarfull til himins. Hún breiðir út faðminn eins og hún vilji umvefja barn sitt, en faðmurinn er tómur. Tómarúmið, andhverfa formsins er þungamiðja verksins og jafnframt inntak þess. Það sem átti að vera þar er ei meir.
---------------	--

	<i>Sonatorrek</i> , 1948 Steinsteypa. ÁS-H 047 Í þessu samhengi fær verkið <i>Sonatorrek</i> , 1948 nýja vidd. Egill Skallagrímsson mátti sjá að baki tveimur sonum og var harmur hans þungur. Það er því varla tilviljun að Ásmundur velur sér <i>Sonatorrek</i> sem víðfangsefni 1948. Verk Ásmundar sýnir þá stund þegar Þorgerður dóttir Egils réttir honum ljóðahörpuna og hvetur hann til að yrkja sig frá sorginni. Á sama hátt má leiða að því getum að yngri dóttir Ásmundar sem og listsköpun hans hafi verið honum sú huggun harmi gegn sem gerði honum kleift að yfirvinna sorgina. Sonatorrek Ásmundar býr því yfir jafnt djúpri persónulegri skirskotun sem og bókmentalegu minni.
---------------	---

	<i>Samhljómur hnattanna</i> , 1959 Járn, kopar, málað járn. ÁS-H 086 Þó svo að geimurinn væri vettvangur vísindanna á tímum kalda stríðsins og geimferðakapphlaupsins, má í <i>Samhljómi hnattanna</i> greina þrá listamannsinns eftir feguð og samhljómi á tækniöld.
---------------	--

	<i>Andlit sólar</i> , 1961 Kopar, tréstöpull. ÁS-H 090 „Þegar Sólarandlitíð mitt var sett upp fyrir framan Menntaskólann, hætti sólin fyrst á eftir að skína á himninum, sögðu þeir. En það gerir ekkert. Sólin mín er ekki í fýlu. Hún hefur gleði af að skína þarna á túninu fyrir framan Menntaskólann. Hún gerir að visu engan sólbrenndan, en samt reynir hún að tolla í tízkunni. Og hún hefur aldrei keppt við þá einu sönnu sól. Hún þarf ekki að vera afbrýðisöm þess vegna. Sumum finnst mín sól vera í andstöðu við skólann, erfðir hans og sögu. En ég get ómögulega séð að fortíð og nútíð séu í andstöðu hvor við aðra. Stórfljótin hætta ekki að streyma þó að kvíslarnar falli í þau. Þvert á móti aukast þau að afli, verða vatnsmeiri, hrista hvítari makka en áður, eru stoltari og renna betur til háfs. Þannig er einnig tíminn. Án nýrra verka, án nútímans hættir fortíðin að vekja áhuga. Þá verður hún að uppistöðulóni sem þornar í mollunni.“
---------------	---

í spænsku borgarastyrjöldinni. Á afar áhrifaríkan hátt túlkar Picasso ógnr borgarastyrjaldarinnar; ótann, sársaukann og ringulreiðina þegar varnarlaust fólk verður fórnalömb grimmilegrar árásar. Árás á konur og börn er smánarblettur sem aldrei verður afmáður og er í raun tákn um upplausn siðferðis og mannúðar.

	<i>Helreiðin</i> , 1944 Kopar. ÁS-H 367 <i>Stríð og flótti</i> og <i>Helreiðin</i> eru af sama meidi. Í <i>Helreiðinni</i> riður Hel yfir jörðina, blind og blóðþyrst og eirir engu lífi. Stríðsófreskjan í <i>Stríði og flótta</i> fangar alltaf fórnarlamb sitt að lokum, þó það reyni að flýja.
---------------	---

	<i>Í tröllahöndum</i> , 1949 Eik. ÁS-H 054
---------------	---

	<i>Tröllkonan</i> , 1948 Steinsteypa. ÁS-H 049
---------------	---

	<i>Höfuðlausn</i> , 1948 Eik. ÁS-H 050
---------------	---

	<i>Móðir mín í kví,kví.</i> 1943 Gifs. ÁS-H 220
---------------	--

	<i>Andvarp</i> , 1948 Gifs. ÁS-H 410
---------------	---

^[1] Allar beinar tilvitnanir í Ásmund eru úr: Matthías Johannessen. Bókin um Ásmund. Helgafell 1971

Geimþrá

Verk Ásmundar voru sífellt í þróun og á sjötta áratugnum urðu þau æ meira abstrakt samtímis með að efnisnotkun hans breyttist. Frá 1955 varð járn það efni sem kann kaus öðru fremur að kljást við. Hann lýsir þessari þróun sjálfur: „Það opnast sífellt nýjar víðáttur. Nútímalistin gefur mönnum einmitt tækifæri til að horfa inn í þessar víðáttur - og endurnýja sköpunarmátt sinn. Áður héldu listamenn sig við bundna fyrirmynd, nú er listin orðin alheimslegri í eðli sínu. Það er ekkert undarlegt, ef við höfum í huga vísindi nútímans og hugarfar manna nú á tímum. Allt hefur víkkað. Allt hefur losnað úr læðingi. Og svo er það tæknin. Hún verður alltaf til. Ef hún á að verða eilífur þáttur í heimsmynd okkar, verður hún að sameinast listinni.“

Á efri árum Ásmundar var mikið að gerast í geimvísindum. Hundurinn Laika sveimaði um dimman himingeiminn í áður óþekktri einsemd og maðurinn tók fyrsta skrefið á tunglinu. Það er rökrétt að siungur listamaður sem í æsku hlustaði á kynjasögur í myrkrinu heima léti heillast af endalausum viddum og möguleikum alheimsins. Járnskúlpútur Ásmundar Sveinssonar eru draumar þessa tímabils um endalausna möguleika mannhugans og í Kúlunni teikna skuggar þeirra brengluð stjörnukort á veggina í samspili við hljóðrýmið sem ekki virðist hlýða þeim lög málum sem við þekkjum. *Samhljómur hnattanna 1959, Andlit sólar 1961 og Geimþrá, 1967* eru nokkur af verkum hans sem vísa í þessa átt.